

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 141/1104**  
**komudagur 14.12.2012**



14. desember 2012

**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**Nefndasvið Alþingis**  
**Alþingi við Austurvöll**

Varðar: Þingmál 456, breyting á lögum greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999

Vísað er til óskar nefndarinnar um umsögn um ofangreint frumvarp er varðar rekstraráætlun FME fyrir árið 2013. Fram kemur í rekstraráætluninni að fyrri áform um verulega fækkun starfsmanna á árunum fram til 2015 hafa verið endurskoðuð. Þannig er nú áætlað að starfsmenn verði 119,5 á árinu 2015 en áður hafði verið áætlað að hægt yrði að fækka þeim niður í 104. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) lýsa vonbrigðum með þessa endurskoðun áforma FME. Margofl hefur verið bent á að fjöldi starfsmanna FME er óhóflegur í samanburði við fjármálaeftirlit í nágrannalöndum sem hafa eftirlit með margfalt stærri fjármálakerfum og margfalt fleiri fyrirtækjum. Að mati SFF hlýtur að vera svigrúm til þess að fækka starfsmönnum enn meira en áformað er nú í rekstraráætluninni. Ekki síst þar sem fram kemur í áætluninni að 15 starfsmenn sem unnið hafa að rannsóknum tengdum fjármálahruginu eru að ljúka störfum.

Þá telja SFF að endurbæta þurfi enn frekar verkþókhald FME í því skyni að tryggja að útjöfnun kostnaði af rekstri FME á einstaka flokka fjármálafyrirtækja sé í sem bestu samræmi við eftirlitskostnað.

Virðingarfyllst,

Yngvi Örn Kristinsson SFF